

FORSETAÚRSKURÐUR
um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013 um skiptingu stjórnarmálefna
milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Að ég, samkvæmt tillögu forsætisráðherra, staðfesti svohljóðandi forsetaúrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 71/2013, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

1. Við b-lið 2. töluliðar bætast orðin: sbr. þó e-lið 3. töluliðar.
2. Við 3. tölulið bætist nýr liður sem orðast svo: Vaxtarsamningar við sveitarfélög.

2. gr.

Forsetaúrskurður þessi, sem á sér stoð í 15. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, og 4. gr. laga nr. 115/2011, um Stjórnarráð Íslands, öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 14. mars 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.